

Fuglalíf á endurheimtum vötnum á Vesturlandi - Ágrip

Svenja N.V. Auhage – Náttúrufræðistofnun Íslands

Á síðustu öld tók votlendi miklum breytingum hér á landi vegna framræslu og ræktunar mýra. Á láglandi hafa mýrar víðast hvar verið ræstar fram og lítið er eftir að ósnortnu landi (Hlynur Óskarsson 1998, Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998). Framræslan hefur haft mikil áhrif á votlendi; jarðvatnsstaða hefur lækkað og gróðurfar í mýrum breyst. Bús væði votlendisplantna og dýra hafa orðið fyrir mikilli röskun.

Fyrstu tilraunir til endurheimtar votlendis hófust á Íslandi árið 1996 fyrir atbeina Fuglaverndarfélags Íslands. Árið 2008 hafði endurheimt verið reynd á mýrum, vötnum og tjörnum á um 20 stöðum á landinu. Frá árinu 2001 hefur Vegagerðin tekið þátt í endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð. Endurheimt vegna vegagerðar hefur aðallega verið á Vesturlandi og Norðurlandi.

Rannsóknir á fuglalífi á endurheimtu votlendi hafa verið mjög litlar hér á landi. Aðeins liggja fyrir fáar lýsingar og tegundalistar frá nokkrum endurheimtum svæðum (Arnþór Garðarsson o.fl. 2006, Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008). Hlynur Óskarsson við Landbúnaðarháskóla Íslands, sem unnið hefur með Vegagerðinni að endurheimtarverkefnum, kannaði fuglalíf við Kolviðarnesvatn Syðra, tjarnirnar við Staðarhús og Saura fyrir endurheimt þessara svæða. Einnig kannaði hann fuglalíf stuttu eftir endurheimt.

Fuglalíf á vötnum á Vesturlandi

Í verkefni þessu, sem styrkt er af Vegagerðinni, er rannsakað fuglalíf á endurheimtum vötnum og tjörnum á Vesturlandi og borið saman við óröskuð vötn og tjarnir á sama svæði. Talningar hófust um miðjan maí 2009 og voru þær endurteknar sex sinnum fram á haust. Ráðgert er að verkefnið standi í a.m.k. 2 ár. Verkefnið á að varpa ljósi á áhrif endurheimtar á fuglalíf og meta árgangur aðgerða.

Valin voru 58 vötn, tjarnir og mýrarpollar: 24 á Mýrum, 8 við Löngufjörur og 26 í Staðasveit. Af þeim eru 10 endurheimt: 8 á Mýrum, 1 við Löngufjörur og 1 í Staðasveit. Af endurheimtum svæðunum voru þrjú vötn sem endurheimt voru af Vegagerðinni árið 2001: tjarnir í landi Staðarhúsa ofan við Borgarnes, tjarnir í landi Saura á Mýrum og Kolviðarnesvatn Syðra í Eyjahreppi á Snæfellsnesi.

Sumar fuglategundir, einkum andfuglar, gefa vísbendingar um almennt lífríki vatnanna. Álftir eru grasætur og fæða þeirra er gróður í vötnum og á vatnsbökkum. Himbrimar og toppendur veiða smáfisk í vötnum. Duggendur og hávellur nýta vötn þar sem lítil krabbadýr finnast. Skúfendur, stökkendur, rauðhöfðaendur og hettumáfar eru m.a. mýætur. Kría gefur ekki örugga vísbendingu, því hún afla oft fæðu annars staðar. Svartbakar, lómar og æðarfugl segja ekkert um lífríki vatnanna, þar sem vötnin eru bara varpstaðir þeirra en fæðu er aflað í sjó.



Kolviðarnesvatn Syðra

Fyrstu niðurstöður

Gerð verður grein fyrir dreifingu nokkurra lykiltegunda á rannsóknasvæðinu:

Álft er auðtalin og auðvelt er að staðfesta varp og meta viðkomu. Alls voru talin 37 varppör og sáust álfir á 44 af 58 vötnum, þar af á 9 endurheimtum vötnum. Álft er dreifð um allt athugunarsvæðið.

Stökkönd er frekar erfitt að telja; hún er ekki fast bundin við vötn og mjög erfitt er að meta varp. Varp fannst þó við 16 vötn og stökkendur sáust á 38 af 58 vötnum, þar af á 4 endurheimtum. Stökkönd er dreifð um allt athugunarsvæðið.

Skúfönd er eindregin vatnafugl, sem er mun viðráðanlegri en stökköndin. Varp var við 5 vötn í Staðasveit og skúfendur sáust á 15 af 58 vötnum, þar af á 3 endurheimtum.

Fyrstu niðurstöður eftir sumarið 2009 benda til að almennt lífríki og fuglalíf vatna á Vesturlandi sé afar mismunandi. Alls sáust 23 tegundir vatnafugla á vötnunum. Tegundaaufgi (species richness) fugla var mestur á vötnum í Staðasveit og við Kolviðarnesvatn syðra (endurheimt árið 2001). Tegundaaufgi á endurheimtum vötnum var svipaður eða jafnvel meiri en á náttúrulegum vötnum. Hugsanlega má rekja það til næringarefnaauðgunar og mikillar blómgunar í gróðri og smádýralífi fyrstu ár eftir endurheimt.

Heimildir

Arnþór Garðarsson, Borgþór Magnússon, Einar Ó. Þorleifsson, Hlynur Óskarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Niels Árni Lund, Sigurður Þráinsson og Trausti Baldursson. Endurheimt votlendis 1996–2006. Skýrsla Votlendisnefndar. Ritstjórn Daníel Bergmann. Landbúnaðarráðuneytið. 27 bls.

Hlynur Óskarsson 1998. Framræsla votlendis á Vesturlandi. Bls. 121-129 í: Íslensk votlendi. Verndun og nýting (ritstj. Jón S. Ólafsson). Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Sverrir Thorstensen & Þorsteinn Þorsteinsson 2008. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2008. Könnun gerð að beiðni Akureyjarbæjar, 6 bls.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1998. Endurheimt votlendis. Bls. 273 – 283 í: Íslensk votlendi. Verndun og nýting (ritstj. Jón S. Ólafsson). Háskólaútgáfan, Reykjavík.